

Stjórn Prestafélags Íslands 3. maí 2021
587. mál. Frumvarp til laga um þjóðkirkjuna.

Stjórn Prestafélags Íslands fagnar nýju frumvarpi að Þjóðkirkjulögum og þeim eðlilegu skrefum sem þar eru stigin á grundvelli núgildandi laga um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar 78/1997. Eftirfarandi viljum við koma á framfæri:

4. gr.

Jafnræði og lýðræði.

Þjóðkirkjan skal í starfsháttum sínum halda í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis.

Í þessari grein er kveðið skýrt á um að þjóðkirkjan haldi í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis en kveða mætti skýrar að orði því þjóðkirkjan þarf að sjálfsögðu einnig að stunda góða stjórnsýsluhætti. Stjórn Prestafélagsins sér hagsmunum presta þjóðkirkjunnar best borgið með því að þjóðkirkjan lúti bæði stjórnsýslu- og upplýsingalögum. Fjórða grein gæti því hljómað þannig:

4. gr.

Jafnræði, lýðræði og stjórnsýsluhættir.

Þjóðkirkjan skal í starfsháttum sínum halda í heiðri grundvallarreglur jafnræðis, lýðræðis og góðra stjórnsýsluhátta. Þjóðkirkjan skal starfa samkvæmt gildandi stjórnsýslu- og upplýsingalögum hverju sinni.

Einnig vekur athygli orðalagsbreyting í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins en það er í núverandi mynd sem hér segir:

Starfsfólk þjóðkirkjunnar sem var skipað í embætti samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Hér er um óútskýrða orðalagsbreytingu að ræða frá orðalagi þeirra frumvarpsdraga sem kirkjuþing samþykkti og lagt var fram í samráðsgátt stjórnalda. Þar segir:

*“Starfsfólk þjóðkirkjunnar sem var skipað í embætti í **skilningi laga** um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.*

Skipun í embætti í **skilningi laga**...nr. 70/1996 býður upp á aðra túlkun en þar sem talað er um það skipa í embætti **samkvæmt** lögum.

Orðalagið að vera **skipaður samkvæmt lögum** getur valdið þeim misskilningi að einungis sé átt við þá sem skipaðir hafa verið í tíð gildandi laga. Hins vegar tekur orðalagið **skipaður í skilningi laga** af öll tvímæli um að einnig sé átt við þá embættismenn er hlutu skipun áður en lög nr. 70/1996 tóku gildi.

Breytta orðalagið (**samkvæmt**) býður upp á hártoganir á þann veg að verðandi lög nái einungis til þeirra sem hlutu skipun á grundvelli laga nr. 70/1996 en gildi ekki um aðra, þ.e. þá er hlutu skipun á grundvelli eldri laga frá 1954. Mikilvægt er að orðalag laga sé skýrt og óvæfengjanlegt og því fer stjórn Prestafélags Íslands þess á leit að horfið verði aftur til fyrra orðalags sem lagt var fyrir kirkjuþing og síðan lagt fram í samráðsgátt, en þar er kveðið á um það starfsfólk þjóðkirkjunnar sem skipað var í embætti í **skilningi laga** nr. 70/1996.

Ástæða til að rifja upp að í þeim lögum segir í 1. gr.:

Lög þessi taka til hvers manns sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins til lengri tíma en eins mánaðar, án tillits til þess hvort og þá hvaða stéttarfélagi hann tilheyrir, enda verði starf hans talið aðalstarf.

Fh. stjórnar Prestafélags Íslands,

Ninna Sif Svavarsdóttir, formaður